

PAKKALAGIÐ

Það sem gleður meira en mest
Er þegar menn fá pakka og gjafir
En vesenið það magnast þegar djúpt er í það farið
Það kostar marga peninga að kaupa eitthvað nýtt
En að gefa það sem til er þegar, er algjörlega frítt

Svo ég pakka þessum stól og þessu borði
Hnífum, pottum, pönnu
Og tölvunni hennar mömmu

Pakka, pakka, pakka
Pakka, pakka, pakka

Þegar ég í vöggu var
Þá bjó ég mér til reglu
Alltaf gef ég gjafir þegar snjór af himni fellur
Það skapar stemningu að pakka bara aftur
Hlutum sem finna má í hillum eða skápum

Svo ég pakka þessum stól og þessu borði
Hnífum, pott og pönnu
eða tölvunni hennar mömmu
Ég pakka því í vínypappír, set svo slaufu á
Það gerir þau svo glöð að fá sitt gamla dót að sjá

Pakka, pakka, pakka
Pakka, pakka, pakka

Jólapappír jólagjöf, jólamatur, jólafjör
Jólamjólk og jólakex
Allt þetta ég elska mest
Jólahundur, jólaborð, jólabíll og jólafólk
Jólabúðir, jólagleði, jólaskóli og jólastól
Ég lít svo fljótt í kringum mig og eina sem ég sé
Eru hlutir sem færu best í pakka undir tré
Ég pakka piparstaukunum og klósettpappírnum
Ég pakka inn þvottavélinni og dúkaborðdúknum

Pakka, pakka, pakka
Pakka, pakka, pakka